

Aðalfundargerð Goðans 2026

Aðalfundurinn var haldinn í Túni á Húsavík mánudagskvöldið 26 janúar 2026 og hófst kl 21:00. Mættir voru Hermann Aðalsteinsson Sigurbjörn Ásmundsson, Rúnar Ísleifsson, Ævar Ákason, Smári Sigurðsson, Ádám Gulyás og Viðar Njáll Hákonarson.

Kosinn fundarstjóri og fundarritari. Hermann Aðalsteinsson formaður bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á að hann sjálfur yrði fundarstjóri og Sigurbjörn Ásmundsson ritaði fundargerð. Það var samþykkt. Hermann tók þá við fundarstjórn.

Flutt skýrsla stjórnar.

Hermann lagði fram skýrslu stjórnar með formlegum hætti, en hún hafði áður verið kynnt félagsmönnum í tölvupósti.

Lagðir fram reikningar félagsins sem ná yfir síðastliðið almanaksár.

Hermann lagði fram Ársreikning félagsins fyrir árið 2025 sem hafði áður verið kynntur félagsmönnum í tölvupósti.

Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Smávægilegt tap var á rekstri félagsins árið 2025 eftir hagnað árið á undan. Rekstur Afmælistótsins skilaði afgangi sem verður nýttur fyrir næsta mót. Skýrsla stjórnar og reikningar voru samþykktir samhljóða án mikilla umræðna.

Kosning formanns. Hermann Aðalsteinsson gaf kost á sér til endurkjörs og var Hermann endurkjörinn samhljóða til eins árs.

Kosning gjaldkera. Rúnar Ísleifsson gaf kost á sér til endurkjörs og var Rúnar endurkjörinn samhljóða til eins árs.

Kosning ritara. Sigurbjörn Ásmundsson gaf kost á sér til endurkjörs og var Sigurbjörn endurkjörinn til eins árs.

Kosning á einum varamanni í stjórn og skoðunarmanns reikninga/endurskoðanda

Ingi Hafliði Guðjónsson var endurkjörinn til eins árs sem varamaður í stjórn og Ævar Ákason var endurkjörinn til eins árs sem skoðunarmaður/endurskoðandi reikninga.

Félagsgjöld ákvörðuð. Ákveðið var að rukka engin félagsgjöld fyrir árið 2026.

Lagabreytingatillögur sem séu löglega boðaðar. Engar lagabreytinga tillögur lágu fyrir fundinum.

Önnur mál:

Samþykkt var samhljóða að Skákmaður ársins 2025 yrði Jakob Sævar Sigurðsson fyrir góðan árangur við skákborðið á árinu 2025.

Hermann sagði frá því að hugsanlegt er að minningartónleikar og minningar skákmót um Sigurð Daníelsson fari fram á Raufarhöfn sumarið 2026. Það er í samstarfi við fjölskyldu Sigurðar og stefnt á 10 eða 11 júlí 2026. Fundarmenn tóku vel í þetta.

Hermann skýrði frá undirbúningi á Sel Hótel Mývatn Open skákmótinu sem fram fer 19-22 nóvember 2026. Allt lítur vel út og söfnun styrkja hófst í lok 2025. Ingi Hafliði hefur borið hitann og þungann af styrkjasöfnun og fer árangurinn af því að koma í ljós bráðum. Búið er að semja við Sel Hótel um fyrirkomulag á gistingu en Sel Hótel verður með 10 herbergi ókeypis fyrir boðsgesti auk fæðis. Goðinn niðurgreiðir eina máltíð á dag fyrir boðsgesti og fyrstu 8 herbergin sem bókast þess utan. Einnig stendur til að taka frá nokkur herbergi á Gistiheimilinu á Skútustöðum. Opnað verður fyrir skráningu í mótið 1. mars 2026.

Hermann skýrði frá því að Ingi Hafliði hefði sótt NA (landsdómara) skákstjóranámskeið nú nýlega og að Hermann ætlar á sækja Fide skák dómara námskeið sem haldið verður í Reykjavík í febrúar. Því miður er tímasetning á Fide-námskeiðinu slæm þar sem skákþing Goðans verður sömu helgi á Húsavík. Fundarmenn voru sammála um að breyta ekki tímasetningunni á skákþinginu og Hermann og Ingi Hafliði verði því ekki með á mótinu. Einnig var ákveðið að tefldar verði 5 umferðir með 90+30 tíma mörkunum á skákþinginu.

Rætt um komandi Íslandsmót skákfélaga og væntanlega þarf að skipa skákum í B-liðinu á milli manna. Of margir verða um hvert borð. Hermann var falið að skipta skákum á milli manna í samráði við þá.

Rætt var um skákmót á næstunni. Líklegt að 5-6 félagsmenn mæti á Reykjavík Open í mars lok. Dagsetningar á Héraðsmót HSP og Páskamót liggja ekki fyrir. Ekkert var ákveðið í þeim efnum.

Hermann stefnir á fund á næstunni við Norðurþing vegna endurnýjun samnings. Hugsanlega ætti að athuga með pláss fyrir Goðann, í nýja frístundahúsinu sem verður tilbúið til notkunar í vor. Hætta á að Tún verði selt ofan af okkur eða jafnvel rífið. Betra að koma félaginu í "skjól" á öðrum stað áður en það gerist. Fundarmenn voru sammála um að þetta þurfi að athuga í tíma.

Ýmislegt fleira var rætt á fundinum en ekki fært til bókar og fundinum lauk um kl 22:00